

Bár

Heimildir: Pétur Sigurðsson frá Suður-Bár las lýsingu Þorleifs Jóhannessonar yfir 21. okt. 1977, gerði við hana nokkrar athugasemdir og bætti við fróðleik um örnefni. Pétur er fæddur í Neðri-Tungu í Fróðárhreppi árið 1910, var hjá foreldrum sínum á Brimilsvöllum fyrstu fjögur árin, síðan 5 ár á Haukabrekku, en árið 1919 fluttist fjölskyldan að Suður-Bár. Þaðan fór Pétur árið 1939, var að mestu í Grundarfirði til 1960, en fluttist þá til Reykjavíkur. Nú er hann til heimilis að Markarflöt 1, Garðabæ.

Eftirfarandi lýsing er samin með hliðsjón af lýsingu Þorleifs Jóhannessonar, en athugasemdir og viðbætur Péturs felldar inn í hana. – Sigríður Jóhannsdóttir skráði.

Næsta jörð fyrir sunnan Bár er Spjör, en næst fyrir norðan Bár var Naustáll, beint niður undan Þórdísarstöðum. Hann er nú í eyði, en Þórdísarstaðir eiga land hans.

Bár var áður ein jörð að öllu leyti, en seinna urðu býlin tvö, Suður-Bár og Norður-Bár. Slægjulöndum jarðanna var skipt, en beutilandi ekki. Nokkur spölu er á milli íbúðarhúsanna. Þau standa bæði á mjóum en löngum hrygg sem nær suður að Spjör og austur á móts við Þórdísarstaði. Þar er hann orðinn að lágu melholti, sem þjóðvegurinn liggur eftir. Hryggur þessi er með öldum og toppum, og hyggur Pétur, að nafnið Bár sé dregið af lögun hans.

Þorleifur Jóhannesson segir, að þjóðvegurinn hafi áður legið eftir hryggnum, gegnum Bárartúnin, en verið fluttur upp fyrir þau nokkrum árum áður en lýsingin var gerð. Þetta þykir Pétri ósennilegt. Hann telur, að vegurinn hafi alltaf legið í jaðri túnanna, með ánni.

Húsið í Norður-Bár stendur austast í túninu, er liggur frá hryggnum niður og suðvestur að sjónum. Fyrir austan og sunnan húsið er garðlag eftir háhryggnum. Nokkru fyrir sunnan húsið er hryggurinn og garðlagið hæst og myndast þar hóll. Þar heitir **Háigarður** (1). Túnmerkin er heldur sunnar en miðja vegu milli húsanna, og er þar girðing.

Áður voru nokkrar hjáleigur niðri við sjóinn. **Jaðar** (2) var í norðvesturhorninu á landi Báranna. Umhverfis tóftir þess býlis og upp af þeim heitir **Jaðartún** (3). Um það hefur verið garður á þrjá vegu, og sér enn fyrir honum.

Næsta kot fyrir sunnan Jaðar var **Traðarkot** (4) neðan við túngarðinn. Það var aldrei nefnt Traðartún eins og á korti. Kotið var löngu komið í eyði, þegar Pétur kom að Bár. Næst kom **Bakkabær** (5), skammt frá sjávarbakkanum og síðan **Hjallatún** (6). Það var fyrir sunnan **Hjallatúnlæk** (7), lítinn læk, sem kemur ofan úr flóanum og rennur fyrir sunnan túnið á Suður-Bár. Hjallatún var þó nokkurt kot, sem fylgdi Norður-Bár, þótt það væri fyrir sunnan túnið á Suður-Bár. Þarna sá fyrir túngarði.

Þessi kot lágu í röð alveg niður við sjóinn, niður undan túni aðaljarðarinnar. Þeir sem á þeim bjuggu stunduðu aðallega útgerð.

Fyrir sunnan Hjallatún kemur svonefndur **Efrilækur** (8), og er hann stærri en Hjallatúnlækur. Sunnan við Efrilæk, neðst og norðast í móunum, var **Melgerði** (9). Er þá komið suður á bakkana. Kotið er ranglega nefnt Melagerði í lýsingu Þorleifs Jóhannessonar. Það var fyrir löngu komið í eyði, þegar Pétur kom að Bár. Þarna voru smágarðlög og sást fyrir tóftum, sem voru sjáanlega orðnar mjög gamlar. Seinna var þarna kartöflugarður, en nú er þetta orðið tún. Sennilega hefur kotið farið í eyði snemma á 19. öld.

Í norðvesturhorni heimatúnsins var þurrabúð, sem **Grænhóll** (10) hét. Sá þar fyrir tóftum, þegar Pétur var á Bár. Líklega hefur Grænhóll aldrei verið nein hjáleiga, heldur bara smákot. Karl nokkur byggði þarna, sennilega milli 1915 og '20, og bjó þar í fáein ár, en síðan fór kotið í eyði.

Brekkubær (11) var uppi á flatlendinu upp af túninu í Bakkabæ, en þó aðeins sunnar en Bakkabær. Þegar Pétur kom að Bár, var Brekkubær löngu kominn í eyði og eiginlega fallinn inn í túnið á Suður-Bár.

Bakkabær var nýkominn í eyði, þegar foreldrar Péturs fluttust að Bár. Jaðar fór í eyði 1919, því að það ár fórst ábúandi kotsins í sjóróðri – ásamt ábúendum Suður-Bárar og Norður-Bárar og sonum tveggja þeirra. Í Hjallatúni var búið til 1921. Á þessum kotum var aðeins höfð ein kýr og nokkrar kindur.

Nú er sennilega búið að slétta yfir allar kotrústirnar, nema á Jaðri.

Fyrir norðan íbúðarhúsið í Suður-Bár var stór matjurtagarður, hefur verið 4-500 m². Nú er löngu búið að slétta yfir hann. Fyrir norðan hann liggur flöt frá hryggnum niður með girðingunni, sem er á milli bæjanna. Hún heitir **Merkjaflát** (12), því að hún er á mörkum túnanna í Suður-Bár og Norður-Bár. Þetta er handsléttuð flöt, 100-150 m á lengd, en frekar mjó. Fyrir norðan hana er stórþýfi.

Fyrir neðan heimatúnið er garðlag, leifar af túngarði. Skipti það merkjum milli túnanna í Norður- og Suður-Bár annars vegar og Jaðars og Traðarkots hins vegar. Annar garður lá frá sjónum upp á hrygginn, alveg upp undir fjárhúsin, sem voru á miðju túninu í Suður-Bár. Síðan lá hann norður eftir hryggnum. Fyrir sunnan hann var Bakkabær niður við sjóinn, en Brekkubær ofar og aðeins sunnar. Sunnan við Brekkubæjartún er garðlag. Þar fyrir sunnan er Hjallatún, sem áður er getið.

Efst í Brekkubæjartúni er völlum, sem **Gunnuvöllum** (13) heitir. Ekki veit Pétur, hvernig á nafngiftinni stendur.

Neðarlega í Suður-Bárartúni, norður við girðinguna, er flöt, sem Þorleifur nefnir **Kringluflát** (14). Pétur man ekki eftir þessu nafni, en telur, að flötin hafi bara verið kölluð **Kringla** (15). Þetta var flöt frá náttúrunnar hendi, kringlóttur blettur inni í þúfnakarga.

Í Norður-Bár hefur líklega ekkert verið sléttað nema heimatúnið, því að þar bjó útgerðarmaður. Miklu meira hefur verið ræktað í Suður-Bár.

Í lýsingu Þorleifs segir, að **Bárarflói** (16) sé fyrir ofan hrygginn, sem bæirnir standa á, og nái upp undir hálsinn. Þetta segir Pétur að sé alrangt. Flóinn er fyrir sunnan veginn. Hann byrjar, þar sem suðurendinn á túninu í Suður-Bár var í tíð Péturs. Þaðan liggur hann suður að **Markvöllum** (17), sem kallaðir voru, en þeir eru á landamerkjum Báranna og Spjarar. Í flóanum eru nokkur smáholt, sem engin nöfn hafa.

Í Bárarflóa var rist torf, til að nota í lambakofa o.fl. Á Arnarhóli tíðkaðist lengi að hafa hey undir torfi – líklega fram undir 1940, en lítið var um það á Bár. Mór var hins vegar notaður á Bár alveg fram yfir 1940. Hann var tekinn hingað og þangað, þótti sums staðar sæmilegur, en yfirleitt var hann þó ekki talinn góður. Mólagið var þunnt og mikill leir í því.

Ofan af hálsinum fellur á, sem nefnd er **Bárará** (18). Hún kemur úr svonefndu **Ytravatni** (19), sem er á hálsinum. Þar sem hún fellur fram af hálsbrúninni, er allhár

foss, sem heitir **Bárafoss** (20). Í lýsingu Þorleifs segir, að áin kvíslist nokkuð, þegar ofan á flóann komi, og myndi dálitlar eyrar. Síðan falli hún fyrir norðan túnin, gegnum hrygginn og til sjávar nokkru fyrir sunnan Naustál. Hér er rangt með farið. Áin kemur alls ekki niður á flóann, heldur bara niður á eyrarnar. Hún fellur til sjávar svo sem ½ km frá Norður-Bárartúninu, langt fyrir sunnan Naustál.

Fyrir norðan ána er á hálsbrúninni allstór hæð, sem heitir **Arnarhóll** (21). Ekki er ósennilegt, að þar hafi einhvern tíma verpt örn. Norðvestan undir hálsinum, undir hæðinni, var býli, sem **Arnarhóll** (22) hét. Hann var sérstök smájörð, en fylgdi Bárunum lengst af. Áttu þá Suður-Bár og Norður-Bár sinn helminginn hvor af landi jarðarinnar. Seinna varð eigandi Suður-Bárar fyrir skiptapa og missti þannig jörð sína, en hélt Arnarhólshelmingnum. Seldi hann þá Þórdísarstöðum þennan jarðarhelming. Síðan hafa Norður-Bár og Þórdísarstaðir átt sinn helminginn hvor af Arnarhóli. Ávallt hefur búið þar leiguliði. Á tímabili voru ábúendaskipti þar tíð. Þó hefur Arnarhóll verið byggður nær óslitið fram undir 1960 eða '70.

Uppi á **Bárahálsi** (23), bak við Arnarhólinn, eru holt og lautir inn að vötnum tveimur, er heita **Innrvatn** (24) og Ytravatn. Ytravatnið er allt í landi Bárar en aðeins jaðarinn á Innrvatninu. Merkin liggja utarlega í því vatni, og á Hallbjarnareyri að vatninu öðrum megin og Hjarðarból hinum megin.

Fyrir sunnan ána er bungumynduð hæð, sem lækkar norður eftir. Er hún kölluð **Hálsbrún** (25) eða **Hálsbarð** (26). Upp eða suður frá henni er önnur hæðabunga eða fell sem gengur norður úr **Klakk** (27). Heitir hún **Hrísfell** (28). Það er aðallega skriður. Í lýsingu Þorleifs segir, að fyrir sunnan ána neðan við hlíðina sé holt, sem liggja með henni, og heiti það **Langholt** (29). Þessu man Pétur ekki sérstaklega eftir, en telur það geta verið rétt.

Á milli Hrísfells og Klakks er lægð, sem alltaf var kölluð **Upp á milli** (30). Þar var mjög grösugt, hrís í brekkunum og mikið af berjum. Hrísfellið er bert að öðru leyti, og eru eintóm holt upp undir fellið. Hins vegar er grösugt uppi á Klakknunum og í hlíðum hans. Þær eru að hluta til í landi Báranna. Syðst úr lægðinni á milli Hrísfells og Klakks („Upp á milli“) kemur lækur, sem rennur niður á Markvelli, stöðvast við flóann og rennur ofan við holtið og suður í Hestlæk í Spjararlandi. Lækur þessi er á mörkum. Hann hét ekki neitt sérstakt, var bara kallaður **Markvallalækur** (31).

Sjávarbakkarnir eru háir þarna fyrir framan. Skarð er í bakkann niður við sjó, og heitir það **Merkisskarð** (32).

Fyrir norðan ána, upp við hliðina, er grjótbyrgi til að reka fé inn í. Segir Þorleifur, að þar sé kallað á **Stekkjunum** (33), en Pétur segir, að þetta hafi bara verið kallað **Stekkurinn** (34). Þetta var stekkur með smábyrgi til að skilja lömbin frá ánum. Hefur hann tekið alltaf 100 fjár. Stekkurinn var hlaðinn upp til að reka fé inn í á haustin. Þegar foreldrar Péturs komu að Bár, mátti heita, að fráfærur væru niður lagðar. Þó færðu þau þar frá eitt sumar (1920). Voru ærnar þá mjólkaðar í húsum.

Pétur man ekki eftir neinum nátthaga í Bár.

Kýr voru oft mjólkaðar úti að sumrinu, líklega alla tíð, meðan foreldrar Péturs voru þarna. Komu þær þá heim að hliðinu og voru mjólkaðar þar. Mjaltastaðurinn var ekki kallaður stöðull.

Neðan við Hrísfellið eru hólar, sem kallaðir eru **Smáhólar** (35). Frá ánni liggur Bárarflói áfram suður undir landamerki á milli Bárar og Spjarar. Sunnan við flóann, á merkjunum, eru þurrar grassléttur, sem heita Markvellir og áður er getið. Syðst í flóanum niður við holtið, sem þjóðvegurinn liggur eftir, er kringlótt mýri, sem kölluð er **Kringlumýri** (36). Hún er í rauninni bara endinn á flóanum. Þarna skipti um lit, hefur e.t.v. þornað betur en annars staðar í flóanum, því að Hjallatúnslækurinn (7) kemur úr endanum á mýrinni. Frá holtinu (hryggnum), sem vegurinn liggur eftir, og niður að sjó, en suður frá túninu eru víðlendir töðugresismóar.

Fram undan Grænhól (10) er stórt sker, sem heitir **Leirklettur** (37). Hann var ljós að lit, og stóð alltaf eitthvað af honum upp úr. Aðalhluti hans var einn klettur, en eiginlega voru þetta mörg sker. Leirkletturinn var eitthvert allra hættulegasta skerið. Lá hátt sandrif út í hann, svo að fé komst þangað um fjöru, en um flæðar fór rífið í kaf.

Næst fyrir norðan Leirklett er **Sauðsker** (38), lágt sker, dregur trúlega nafn af sauð, sem þar hefur flætt. Þorleifur segir, að þar fyrir norðan sé **Árklettur** (39), norðan til og fram undan árósum. En Pétur man ekki eftir þeim kletti.

Suður frá Leirkletti er sker eða klettur, sem **Hrúðurklettur** (40) heitir. Hann er alsettur skeljum, sem minna á hrúðurkarla, og er varla hægt að koma við hann.

Suður frá Hrúðurkletti er **Leiðarsker** (41), og var siglt inn með því, inn í stórt lón. Fjarar aldrei út í skerið. Líklega eru einir 500 m frá fjörunni fram í Leiðarsker.

Mennirnir, sem björguðust af Eddunni laust eftir 1950 (líklega 1953), lentu fyrst á Leiðarskeri um nóttina. Síðan bar vindur og straumur þá upp í fjöruna fyrir norðan Bárará.

Fyrir sunnan Leiðarsker eru smásker, sem Þorleifur nefnir **Höllunga** (42), en Pétur **Hnöllunga** (43). Þetta eru hnöttóttir steinar, sem koma upp úr sjónum. Sund eru á milli þeirra. Hefur þar sennilega brotnað úr berginu.

Milli Hnöllunga og Leiðarskers er leiðin upp í lendinguna, **Bárarleið** (44). Mið á henni var, að hjall, sem stóð á sjávarbakkanum, átti að bera í Bárarfoss. Nú er hjallur þessi fyrir nokkru farinn.

Skerin fóru flest í kaf um flæðar, en þornuðu um fjöru. Var því flæðihættan geysileg. Fara varð niður að sjó á hverri nóttu til að reka féð frá. Strandlengjan er þarna líklega 4 km löng og ½ - 1 km breið hið mesta. Útfiri er geysimikið á kafla. Í fjörunni var mikið af hrokkelsi, sem skolaði þangað upp um flæðar. Var það oft tekið með höndunum einum.

Hér hefur verið lýst öllum örnefnum, sem heimildarmaðurinn þekkir í landi jarðarinnar.

Örnefnastofnun, 18. nóv. 1977,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Arnarhóll 21	Uppá milli 30
Arnarhóll 22	Ytravatn 19
Á Stekkjunum 33=34	
Árklettur 39	
Bakkabær 5	
Bárá 18	
Báraflooi 16	
Bárafoss 20	
Báraháls 23	
Báarleið 44	
Brekkubær 11	
Efrilækur 8	
Grænhóll 10	
Gunnuvöllur 13	
Háigarður 1	
Hálsbarð 26=25	
Hálsbrún 25=26	
Hjallatún 6	
Hjallatúnlækur 7	
Hnöllungar 43	
Hrísfell 28	
Hrúðurklettur 40	
Höllungar 42	
Innrvatn 24	
Jaðar 2	
Jaðartún 3	
Klakkur 27	
Kringla 15=14	
Kringlufloet 14=15	
Kringlumýri 36	
Langholt 29	
Leiðarsker 41	
Leirklettur 37	
Markvallalækur 31	
Markvellir 17	
Melgerði 9	
Merkisskarð 32	
Merkjafloet 12	
Sauðsker 38	
Smáhólar 35	
Stekkjunum, Á 33=34	
Stekkurinn 34=33	
Traðarkot 4	